

## Fréttabréf

Ágætu foreldrar



Ég vil byrja á því að þakka fyrir þátttökuna á góðum vinnufundi foreldra og starfsmanna þann 31. janúar um mótun framtíðarsýnar fyrir Kelduskóla. Á fundinum fóru fram gagnlegar umræður og vinnugleðin var allsráðandi. Samantekt frá fundinum ber þess glöggt vitni, sjá fylgiskjal.

Eins og fram kom í fréttabréfi mínu í janúar verður unnið að því á vorönninni að móta framtíðarsýn fyrir Kelduskóla og var fundurinn þann 31. janúar liður í þeirri vinnu. Hrönn Pétursdóttir verkefnisstjóri stýrir þeirri vinnu ásamt undirritaðri.

Sem liður í hópefli nemenda í Korpu og Vík í 7. bekk tóku nemendur þátt í tónsmiðjum í lok janúar og aftur í þessari viku. Einnig var tónsmiðja á dagskránni fyrir 6. bekk en það voru tónmenntakennarar skólans, þau Gunnar Ben, Ingunn Huld og Svanur sem stýrðu smiðjunum.

Skólastjóri átti fund með stjórnnum Foreldrafélaganna í janúar um starfið á vorönninni.

Sameiginlegur skólaráðsfundur Korpu og Víkur var haldinn í janúar, sjá fundargerð á heimasíðu.

Það sem er á döfinni:

7. febrúar: hópefli Starfsfólks.

14. febrúar: Stefnumótunarfundur starfsfólks. Niðurstöður frá fundinum 31. janúar eru lagðar til grundvallar ásamt styrk og veikleikagreiningu á starfi skólans.

Febrúar – mars - Nemendaping aldurskipt, viðfangsefni nám og samskipti í Kelduskóla.

Hefðbundið skólastarf er að sjálfsgöðu það sem við leggjum aðaláherslu á frá degi til dags, en það er alltaf gaman að gera sér dagamun og það verður gert bæði í Korpu og Vík samkvæmt hefð á öskudag. Vetrarleyfi tekur við af öskudegi, þ.e.dagana 23. og 24. febrúar.

Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla.